

Í 8. gr. útsvarslaganna segir, að leggja skuli útsvar á gjaldþegn, þar sem hann hafði heimilisfang vitanlega eða samkvæmt manntali næst á undan niðurjöfnun. Er enginn ágreiningur um það í máli þessu, að gjaldþegninn (gerðarþoli) hafði heimilisfang á Ísafirði næst á undan niðurjöfnun útsvara 1957.

Í 2. mgr. 8. gr. laganna segir einnig, að ef félag reki atvinnu í fleiri sveitum en einni, megi á hverjum stað aðeins leggja á þær eignir, sem þar séu, og þær tekjur, sem sá atvinnurekstur gefi. Enginn ágreiningur er heldur um það, að gerðarþoli hafi rekið atvinnu hér á Siglufirði sumarið 1956, enda er vitað, að gerðarþoli á fasteignir hér, sem hann rekur atvinnu á. Verður að telja eðlilegt og rétt, að gerðarþola beri samkvæmt þessu ákvæði að greiða útsvar af starfrækslu sinni hér á Siglufirði sumarið 1956, enda séu skiptingarreglur C-liðar 9. gr. útsvarslaganna taldar útilokaðar í þessu tilviki af ástæðum, sem áður er lýst.

Samkvæmt framansögðu þykir því verða að heimila framgang hinnar umbeðnu gerðar.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna lögtaksgerð skal fara fram.

Miðvikudaginn 25. janúar 1961.

Nr. 2/1961. Sveitarstjóri Njarðvíkurhrepps f. h. hreppsins
gegn
Valgeiri Helgasyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 29. desember 1960, sem barst Hæstarétti 3. janúar s.l., hefur sóknaraðili kært til Hæstaréttar málskostnaðar-ákvæði dóms, er upp var kveðinn í aukadómi Gullbringu- og Kjósarsýslu 18. nóvember s.l., en vitneskju um dóminn fékk hann 28. desember s.l., er honum barst endurrit dómsins.

Krefst sóknaraðili þess, að varnaraðilja verði dæmt að greiða honum málskostnað að skaðlausu fyrir héraðsdómi. Hins vegar er ekki gerð krafa um greiðslu kærumálskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Frá varnaraðilja hafa hvorki borizt kröfur né greinargerð.

Af ástæðum þeim, sem tilgreindar eru í hinum kærða dómi, ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Málskostnaðarákvæði hins kærða dóms á að vera óraskað.

Dómur aukadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu 18. nóvember 1960.

Ár 1960, föstudaginn 18. nóvember, var á aukadómpingi Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem háð var í réttarsal embættisins af Jóni Finnssyni, fulltrúa sýslumanns, kveðinn upp dómur í framangreindu máli, sem dómtekið var hinn 15. þ. m.

Mál þetta er höfðað hér fyrir aukadómpinginu með stefnu, dags. 27. október 1960, af sveitarstjóra Njarðvíkurhrepps f. h. hreppsins gegn Valgeiri Helgasyni, Holtsgötu 30, Ytri-Njarðvík, til greiðslu á útsvörum 1955—1960, að eftirstöðvum kr. 24.331.00, auk 12% ársvaxta af kr. 4.585.00 frá 1. janúar 1957 til 1. janúar 1958, af kr. 8.755.00 frá þeim degi til 1. janúar 1959, af kr. 14.335.00 frá þeim degi til 1. janúar 1960, af kr. 18.060.00 frá þeim degi til 15. október 1960 og af kr. 24.331.00 frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Af hálfu stefnda var mætt í málinu við þingfestingu þess og krafan viðurkennd, en tekinn frestur til 15. nóvember, en þá var ekki mætt af hans hálfu og málið því dómtekið eftir kröfu umboðsmanns stefnanda.

Verður málið því samkvæmt 118. gr. laga nr. 85/1936 dæmt eftir framlögðum skjölum og skilríkjum. Stefnandi hefur lagt fram í málinu yfirlitsreikning yfir útsvör stefnda í Njarðvíkurhreppi fyrir útsvarsárin 1954—1960.

Stefnufjárhæðin, kr. 24.331.00, er heildarútsvör stefnda og vegagjald á þessum tíma í Njarðvíkurhreppi, að frádregnum innborgunum.

Þar sem stefnandi hefur þannig gert viðhlítandi grein fyrir

kröfum sínum og ekkert virðist við þær athugavert, verða þær teknar til greina, eins og þær liggja fyrir.

Málskostnaður ákveðst kr. 2000.00, og er þá tekið tillit til þess, að lögtaksréttur á útsvari 1959 og 1960 er ekki fyrndur, þannig að ekki verður séð, að stefnanda hafi borið nauðsyn til að stefna og taka dóm fyrir útsvari þeirra ára.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Valgeir Helgason, greiði stefnandanum, sveitarstjóranum í Njarðvíkurhreppi f. h. hreppsins, kr. 24.331.00 auk 12% ársvaxta af kr. 4.585.00 frá 1. janúar 1957 til 1. janúar 1958, af kr. 8.755.00 frá þeim degi til 1. janúar 1959, af kr. 14.335.00 frá þeim degi til 1. janúar 1960, af kr. 18.060.00 frá þeim degi til 15. október 1960 og af kr. 24.331.00 frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað með kr. 2000.00, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 25. janúar 1961.

Nr. 161/1959. **Ákæruvaldið** (Gunnar J. Möller hrl.)

gegn

Gunnlaugi Bjarnasyni Melsted

(Sigurður Ólason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Bifreiðar. Ákæra um ölvun við akstur. Blóðrannsókn.

Dómur Hæstaréttar.

Ákæruatriði máls þessa eru tvö: 1. Að ákærði hafi ekið bifreið í tiltekið skipti, þótt hann væri með áhrifum áfengis, og 2. að hann hafi ekki haft ökuskírteini sitt meðferðis í sama skipti.

1. Eftir uppkvaðningu héraðsdóms hefur verið aflað frekari sakargagna um þetta ákæruatriði.

Vitnið Ingimar Kristján Jónasson hefur staðfest fyrir dómi, að hann hafi, að því er ætla má, sama kvöld og í héraðsdómi